

## Lög

Nr. 67.  
3. nóv.

um

breytingu á lögum um vegi nr. 57, 22. nóv. 1907.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru :

1. gr.

Annar tölulið í 3. grein laga um vegi 22. nóv. 1907, skal orða svo:

Frá vegamótum hjá Gljúfurá í Borgarfirði, um Norðurárdal, Bröttubrekku, Sökkólfssdal, Miðdali, Búðardal, um Hvammssveit, Svínadal og Saurbæ, kringum Gilsfjörð, yfir Geiradal, um Króksfjörð, Reykhólasveit, Þorskafjörð, Þorskafjarðarheiði og Langadal að Arngerðareyri við Ísafjörð.

2. gr.

Þessi breyting á stefnu þjóðvegans er bundin því skilyrði, að sýsluvegur verði gerður úr þeim kafla hans, sem fellur úr.

3. gr.

Landssjóður heldur núverandi þjóðvegarkafka við, þar til er lokið er vegargerð frá Búðardal að Ljá, en sýslan veginum af Breiðamel að Búðardal.

4. gr.

Lög þessi ganga þegar í gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 3. nóvember 1915.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Einar Arnórsson.*